

Linda Kettler



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 22. maí 2014
Tilvísun: UST20140400230/mik

Efni: Umsókn um leyfi til kvíkmyndatöku við hverastrýturnar í Eyjafirði

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Lindu Kettler dags. 28. apríl, fyrir hönd **Cosmos Factory Filmproduction**, þar sem óskað er eftir leyfi til kvíkmyndatöku við hverastrýturnar í Eyjafirði 17. júní 2014.

Hverastrýturnar við Arnarnes voru friðlýstar sem náttúrvætti sbr. auglýsingu í Stjórnartíðinum B, nr. 510/2007. Ystuvíkurstrýturnar voru friðlýstar sem náttúrvætti sbr. auglýsingu í Stjórnartíðinum B, nr. 249/2001. Markmiðið með friðlýsingu hverastrýtanna á báðum svæðunum var að vernda einstakt náttúrufyrirbrigði sem felst í myndun hverastrýtanna, efnasamsetningu, útliti og lögun ásamt örveruvistkerfi sem þar þrífst við óvenjulegar aðstæður. Verndargildi strýtanna felst einnig í fjölbreytileika þeirra og sérlega miklu lífríki sem hefur hátt vínsinda-, fræðslu- og verndargildi. Leyfi Umhverfisstofnunar þarf til rannsókna, vöktunar og sýnatöku í tengslum við rannsóknir að fenginni umsögn samráðsnefndar. Heimilt er að kafa niður að hverastrýtunum og skoða þær.

Lýsing á framkvæmd: Tilgangur kvíkmyndatökunnar er að mynda Sesselju Jónasdóttur, Dósent við Háskóla Íslands við köfun við Hverastrýturnar í Eyjafirði. Myndefnið verður hluti af 8 mínútna innslagi um hana sem vísindamann fyrir þáttinn TM Wissen sem er sýndur á Servus TV. Erlendur Bogason mun kafa niður að hverastrýtunum og mynda hana. Aðrir í kvíkmyndatökuliðinu, 3 manns, munu bíða í landi á meðan. Staðurinn sem áætlað er að mynda á er í um 10 mínútna siglingu frá Grenivík.

Áhrifamat

Framkvæmdinni sem lýst er hér að ofan er ekki talin hafa áhrif á verndargildi svæðisins eða valda raski á Hverastrýtunum. Umhverfisstofnun telur því að ekki sé um leyfisskylda framkvæmd að ræða en fer fram á að ýrstu varúðar sé gætt og köfunin tilkynnt hafnaryfirvöldum á Akureyri samdægurs.

Virðingarfallst

Pórdís V. Bragadóttir

Pórdís V. Bragadóttir
Sérfræðingur

David Örvar Hansson

David Örvar Hansson
Sérfræðingur